

## ÍTALÍA - Í BRENNIDEPLI

Í mars tókum við fyrir ítalskar bókmenntir. Meðal þekktustu skálda Ítala eru Dante Alighieri (1265-1321) og Umberto Eco (1932-2016).

Skrif á ítalskri tungu hófust í upphafi þrettánda aldar en fram að þeim tíma voru nánast öll verk rituð á latínu. Þá voru helstu hugðarefni ítalskra rithöfunda hetju- og riddarasögur, dæmisögur, hæverska og hugrekki, fegurð og æðri ást, hið guðdómlega.

Meistaraverk Dantes, Gleðileikurinn guðdómlegi (1320), er talið eitt þeirra verka sem markaði upphaf bókmennta sem skrifuð voru á þjóðartungu á Vesturlöndum.

Nafn rósarinnar (1980) eftir Umberto Eco er talið hafa markað tímamót á sviði skáldsagnagerðar. Atburðarás bókarinnar, þar sem dularfullt morð á sér stað í ítölsku klaustri á seinni hluta miðalda, byggir á ýmsum kenningum á sviði sögu, vísinda, bókmennta, kristinnar trúar og táknfræði.

Nútíma skáldsögur Ítala endurspegla hinar ýmsu hliðar ítalskrar sjálfsmyndar. Ítalskir kvenrithöfundar hafa þurft að berjast fyrir sýnileika en skrif þeirra hafa því tengst sjálfsmynd Ítala og baráttunni fyrir jafnrétti í karllægu samfélagi.